

Mál nr. 158/2017**M
og****vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Gamla Álftanesvegi þann 3.4.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið .2017, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 29.5.2017.

Bréf V2, dags 26.5.2017.

Málsatvik.

A og B var ekið eftir Gamla Álftanesveginum og var A ekið á undan B. Er ökumaður A stöðvaði bifreið sína var B ekið aftan á A.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað bifreið sína í vegkantinum þannig að hún hafi að hálfu verið utan vegar og að hálfu inni á akbrautinni. Hann hafi flautað og verið að skrúfa niður rúðu til að spyrja gangandi vegfaranda til vegar. Í þeirri sömu andrá hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. á eftir A. Hafi ökumaður A stöðvað bifreiðina á miðri akrein án þess að gefa áður nokkurt merki um það, stefnuljós eða þess háttar.

Vitni kvaðst hafa verið á gangi á göngustíg „til hægri við umferðaræðina“ áleiðis að Garðakirkju. Skömmu áður en hann hafi komið að „Hrafnistu-afleggjaranum“ hafi hann heyrt bílflaut á vinstri hönd, litið við og þá séð B aka aftan A. Aðspurt hvort ökumaður A hafi stöðvað skyndilega á miðjum veginum kvað vitnið að þannig hafi það vissulega litið út í fljótu bragði þó hann gæti hafa verið að færa sig út í kantinn.

Álit.

B var ekið aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki sem er ekið á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Á þessu hefur orðið misbrestur hjá ökumanni B og telst hann því eiga sök á árekstrinum. Hefur hann því sönnunarbyrðina um það að A hafi verið stöðvuð skyndilega á akbrautinni þannig að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til þess að hann hafi ekki haft nægilegt ráðrum til að stöðva B í tæka tíð áður en áreksturinn varð. Af framburði vitnis, sem áður er getið, verður ekki ráðið með nægri vissu að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína svo skyndilega að ökumaður B hafi ekki átt að ráða við aðstæður sem sköpuðust við það á akbrautinni. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að áreksturinn megi rekja til skyndilegrar stöðvunar ökumanns A eða aksturslags hans að öðru leyti. Verður því öll sök felld á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.